

AUGLÝSING

um friðland við Blautós og Innstavogsnes í Akraneskaupstað

Að tillögu [Umhverfisstofnunar] hefur umhverfisráðherra ákveðið að landssvæði, sbr. eftirfarandi lýsingu og meðfylgjandi uppdrátt, verði friðlýst sem friðland í samræmi við 28. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda landslag og lífríki svæðisins, en þar er auðugt fuglalíf.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru: Blautós innan landamerkjia Akraneskaupstaðar, þar með taldar leirur, fjörur og fitjar, að stórstraumsflóðmörkum. Við hesthúsabyggð við Æðarodda fylgja mörk grjótvörn að ós Flæðilækjar, sbr. hnitpunkta hér að neðan.

Innstavogsnes allt ásamt skerjum, hólum og fjörum að stórstraumsfjörumörkum á utanverðu nesinu, þar með talin Langasker og Innstavogshólmi. Til suðurs markast svæðið af línu sem hugsast dregin úr Flæðilæk eftir skurði til norðvesturs og síðan til sjávar í kverk við Mónes.

Svæðið afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1 (353324,7020; 430088,7440),	2 (353452,6940; 430124,8050),
3 (353610,9570; 429956,7000),	4 (353689,0170; 430095,5170),
5 (353725,9200; 430104,6730),	6 (353775,8050; 430132,2490),
7 (353831,7120; 430131,8520),	8 (354001,3890; 430175,3090).

Sjá einnig meðfylgjandi uppdrátt.

Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breyting á landi er háð leyfi [Umhverfisstofnunar] og umhverfisnefndar Akraness.
2. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, það er að segja til beitar og æðardúntekju.
4. Bæjarstjórn Akraness er heimilt, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], að setja reglur varðandi nýtingu og umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Umferð vélknúinna öku- og siglingatækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu og í samræmi við 3. og 4. gr.
6. Losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil.
7. Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu. Bæjarstjórn Akraness getur þó veitt heimild til þess að verja varplönd fyrir hrafni og máfum.
8. Bæjarstjórn Akraness skal, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Stj.tíð. B nr. 166/1999

Umhverfisnefnd Akraness hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu í umboði
[Umhverfisstofnununar] og bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Gera skal sérstakan samning þar
að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytinu, 3. mars 1999

Guðmundur Bjarnason

Sigurður Á. Þráinsson